

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/50/EB**frá 31. október 1994****um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23.
nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, eins og henni
var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
94/41/EB ⁽²⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka
hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á
sviði vísinda og tækni. Viðaukunum var stept saman með
tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽³⁾.

Rannsóknnum á ýmsum aukefnum sem eru skráð í II. við-
auka, en þar með er notkun þeirra heimil innanlands, er ekki
enn lokið. Því ber að lengja gildistíma leyfa fyrir þessi efni
um tiltekinn tíma.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í
samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með
breytt eins og fram kemur í viðauka þessarar tilskipunar.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og
stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síð-
ar en 30. mars 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-
stjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim
tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar
þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari
reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni
helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-
efni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún
birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. október 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 209, 12. 8. 1994, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun ráðsins 70/524/EBE er breytt sem hér segir:

1. í A-hluta „Sýklalyf“:
 - 1.1. Í 22.-lið, „Avóparsín“, komi dagsetningin „8. 4. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Mjólkurkýr“.
 - 1.2. Í 28.-lið, „Avilamýsín“, komi dagsetningin „19. 7. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Holdakjúklingar“.
 - 1.3. Í 29.-lið, „Efrótómýsín“, komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Mjólkurgrísir“ og „Svín“.
 - 1.4. Í 30.-lið, „Virgíníamýsín“, komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Gyltur“.
2. Í D-hluta „Hníslyf og önnur lyf“:
 - 2.1. Í 23.-lið, „Narasín/nikarbasín“, komi dagsetningin „19. 7. 1995“ í stað „30. 11. 1995“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Holdakjúklingar“.
 - 2.2. Í 25.-lið, „Halófúgínón“, komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Varphænur“.
3. Í F-hluta „Litarefni, að meðtöldum dreifulitum“, í 11.-lið „Astaxatín-auðugt *Phaffia rhodozyma*“, komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Lax, silungur“.
4. Í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“:
 - 4.1. Í 1.-lið „Syntetískt kalsíumálat“, komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Mjólkurkýr, holdanaut, kálfa, lömb og kiðlinga“.
 - 4.2. Í 1.-lið „Natrólít-fónólít“, komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Allar dýrategundir og -flokkar“.
5. Í N-hluta „Ensím“, í 1.-lið „3-fýtasi (EC 3.1.3.8)“ komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Svín (allar dýrategundir)“ og „Kjúklingar (allar dýrategundir)“.
6. Í O-hluta „Örverur“, í 1.-lið „*Bacillus cereus* var. *toyoi* (CNCM I-1012/NCIB 40112)“ komi dagsetningin „30. 11. 1995“ í stað „30. 11. 1994“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Mjólkurgrísir“, „Svín“ og „Gyltur“.